

Fagradalsbleikja ehf  
Jónas Erlendsson  
Fagradal  
871 Vík

Reykjavík, 8.5.2023  
UST202302-110/gf  
08.12.02

### **Varðar reglubundið eftirlit í fiskeldi Fagradalsbleikju ehf. þann 12. apríl 2023**

Þann 12. apríl sl. fór fram eftirlit í fiskeldi Fagradalsbleikju ehf. sem staðsett er austan Víkur í Mýrdal. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin eldri mál eru enn opin.

Rekstraraðila var bent á að nota lekabyttur undir ílát með hættulegum efnum.

Eitt frávik kom fram og varðar það sýnatökur og mælingar efnainnihald vatns í inntaki og eins mælingar losun efna í frárennsli í samræmi við grein 4.3 í starfsleyfi.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atriði í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 6. júní 2023.**

Virðingarfyllst,

Gottskálf Friðgeirsson

Sigríður Magnúsdóttir  
sérfræðingur